

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, föstudaginn 29. apríl 2016, í máli nr. S-393/2015:

Ákærvaldið

(*Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Þorsteinn Einarsson hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 1. apríl 2016, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 22. september 2015, á hendur X, kennitala 000000-0000, [...], „fyrir nauðgun og kynferðislega áreitni, með því að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 2013 til 14. mars 2013, í fjögur skipti, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kennitala 000000-0000, og káfað innanklæða á brjóstum hennar og kynfærum, utandyra í [...] og í bifreið á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra í [...] sem ákærði ók, og við það notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegrar fötlunar.“

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. og 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## *Einkaréttarkrafa:*

A krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. mars 2013 þar til mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafa þessi, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Ákærði krefst þess aðallega að verða sýknaður af refsikröfum ákærvalds og að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann þess að honum verði ekki gerð refsing í málinu, og að bótakrafan verði lækkuð verulega en til þrautavara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

## I

### *Málsatvik*

Mál þetta hófst með því að brotaþoli, sem er andlega fötluð, mætti til lögreglu þann 20. mars 2013, þar sem tekin var af henni skýrsla að viðstöddum

lögmanni og móður brotþola, vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart henni. Skýrði brotþoli þar svo frá að nafngreindur maður sem starfaði við að aka bifreið fyrir Ferðapjónustu fatlaðra, hefði káfað á brjóstum og kynfærum hennar innan klæða. Í framhaldi af því hafi ákærði klætt sig og brotþola úr fötum, byrjað að fróað sér en jafnframt haft við hana samræði. Hafi þetta gerst alls fjórum sinnum.

Ákærði kom til skýrslutöku hjá lögreglu tveimur dögum síðar. Borinn var undir ákærða framburður brotþola og kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa framið þá háttsemi og neitaði alfarið sök og hefur neitað sök í síðari skýrslum hjá lögreglu og fyrir dómi.

Með bréfi, dagsettu 5. mars 2014, var brotþola tilkynnt af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að rannsókn málsins hefði verið hætt vegna erfiðrar sönnunarstöðu. Með bréfi, dagsettu 1. apríl 2014, var ákvörðun lögreglustjóra kærð til ríkissaksóknara. Með bréfi, dagsettu 4. maí 2014, frá ríkissaksóknara til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, var lagt fyrir lögreglu að rannsaka sérstaklega hver hafi fest brotþola í öryggisbelti bifreiðarinnar og að rannsaka ferðir ákærða á fimmtudögum og hafa uppi á vitnum sem hafi verið í bifreiðinni þá daga.

Í málinu liggja fyrir vitnisburðir ákærða og brotþola og annarra sem kallaðir voru til skýrslutöku fyrir dómi. Fyrir liggur bótakrafa brotþola sem móttekin var hjá lögreglu þann 17. apríl 2013 og birt fyrir ákærða þann 30. júlí 2013. Þar að auki liggur fyrir taugasálfræðilegt mat á brotþola, dags. 20. mars 2014, framkvæmt af dr. B taugasálfræðingi, geðrannsókn sem framkvæmd var á brotþola, dags. 24. mars 2014, af C geðlækni, vottorð D, sérfræðingi í kvenlækningum, dags. 31. mars 2016, og skráðar upplýsingar frá vistheimili brotþola auk bréfs ríkissaksóknara, dagsett 29. mars 2016. Þá voru lögð fram gögn af hálfu verjanda um veðurfar á þeim tíma sem ákæra málsins nær yfir, upplýsingar um umferð og umferðartíma auk ljósmynda af meintum brotavettvangi.

## II

### *Skýrslur fyrir dómi.*

Ákærði, X, kom fyrir dóminn og neitaði sök. Kvað hann kynni sín af brotþola hafi verið þau að hún hafi verið farþegi í bifreið sem hann hafi ekið á vegum Ferðapjónustu fatlaðra þar sem hann starfaði á tímabilinu [...] og fram í [...]. Hafi hann ekið brotþola í fjögur skipti í byrjun árs 2013, í öllum tilfellum á fimmtudögum. Hafi hann alltaf sótt brotþola samkvæmt áætlun kl. 17:15 í [...]. Fyrst hafi hann keyrt tvo farþega í [...] og síðan brotþola og hafi hann þá verið einn með henni. Aldrei hefði verið keyrður „aukarúntur“ eða brotþoli farið úr bifreiðinni fyrr en hún hafi verið komin að [...]. Hafi síðasti akstur hans með brotþola verið [...]. Við [...] hafi starfsmaður komið út og tekið á móti brotþola

sem hafi sjálf gengið út úr bifreiðinni. Kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa komið of seint með brotþola heim, og ef það hafi gerst hafi það verið vegna tafa í umferð eða tafa vegna annarra farþega.

Beðinn um að lýsa samskiptum sínum við brotþola kom fram að þau hafi engin verið fyrir utan það að hann hafi keyrt hana og fest á hana bílbelti eins og aðra farþega en hafi þó kynnt sig fyrir henni með fullu nafni. Hafi brotþoli alltaf setið frammi í bifreiðinni en þau hafi ekkert rætt saman. Hann hafi engin kynferðisleg samskipti átt við brotþola eða snertingar nema ef það hafi gerst að hann hafi rekið í hana olnboga þegar hann var að festa brotþola í bílbelti. Þá hafi hann ekki átt neitt við fatnað hennar eða verið með sérstakar óskir um klæðnað hennar. Aðspurður um hvaða upplýsingar hann hafi haft um þroska brotþola kvaðst hann engar hafa fengið en hafa séð að eitthvað var að henni í hendinni en ekkert vitað um hennar andlegu hlið. Aðspurður kvaðst hann hafa fengið nöfn farþega á lista en engar upplýsingar um fötlun þeirra.

Beðinn um að lýsa nánar síðustu ferð hans með brotþola kvaðst ákærði hafa fengið símtal frá yfirmanni ferðaþjónustunnar þar sem hann hafi verið beðinn um að koma við í [...] og taka þar upp í bílinn tvo einstaklinga. Áður hafi hann keyrt tvo aðra einstaklinga upp í [...] og [...], síðan hafi hann ekið að [...] þar sem hann hafi sótt fyrrgreinda tvo einstaklinga sem hann hafi keyrt í [...]. Hafi þeir verið í hjólastólum og hann þurft að aðstoða þá nokkuð sem hafi tekið tíma. Þaðan hafi hann ekið [...] og rակleitt að [...]. Spurður hvort hann hafi keyrt nálægt [...] eða að hafa ekið á afvikinn stað, svaraði ákærði því neitandi. Aðspurður hvort hann hafi farið inn á heimilið að [...] svaraði ákærði því neitandi, hann hafi ekki heimild til þess en hafi komið inn í anddyrið þegar hann hafi verið að sækja vistmenn, en hann hafi aldrei sótt brotþola þangað. Hann hafi því aldrei farið inn á heimilið að [...] eða rætt við starfsmenn þar. Þá kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa kallað brotþola „gullmola“ og hafði ekki skýringu á framburði vitna hjá lögreglu um það eða að hafa beðið brotþola um að vera í flegnum bol.

Fram kom hjá ákærða að hann væri fjölskyldumaður og hafi málið tekið mikið á hann og fjölskyldu hans.

Vitnið B, brotþoli í máli þessu, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Fram kom að hún byggi að [...] en færi í vinnu á hverjum degi að [...] auk þess sem hún sækti [...] alltaf á fimmtudögum. Ferðaðist hún á nefnda staði með Ferðaþjónustu fatlaðra og hafi ákærði þessa máls stundum sótt hana en þá bara í [...].

Brotþoli bar að ákærði hefði brotið gegn henni. Ákærði hafi þuklað brjóst hennar, sem ákærði hafi kallað „kókoshnetur“ og kynfæri hennar innan klæða með hendi en áður hafi ákærði girt niður buxur hennar og reynt að losa peysu hennar. Hafi ákærði stungið puttanum inn í „kvísuna“ á henni. Spurð hvort ákærði hefði

stungið einhverju öðru inn í „kvísuna“ svaraði brotþoli því neitandi. Spurð hvort þetta hafi gerst oft taldi brotþoli að þetta hefði gerst í mesta lagi tvisvar, einu sinni inni í bifreiðinni og einu sinni fyrir utan bifreiðina. Þegar atvikið hafi gerst inni í bifreiðinni hafi hún setið frammi í. Hafi ákærði setið í sínu sæti en hún mundi það ekki vel en það hafi gerst nálægt [...]. Aðspurð kvað hún það hafa verið þröngt að athafna sig.

Beðin um lýsa því hvernig atvikum hafi verið háttað fyrir utan bifreiðina, kvaðst brotþoli hafa losað öryggisbelti sitt sjálf og gengið út, en hún hafi ekki verið komin heim. Beðin um að lýsa því hvar þau hafi verið, bar brotþoli að þau hafi verið í grasi, í laut, hún hafi ekki þekkt staðinn neitt. Spurð hvort ákærði hefði farið úr fötum sínum svaraði brotþoli því neitandi en hún sjálf hafi verið í flegnum bol. Brotþoli bar aðspurð að það hafi verið napurt úti og rökkur.

Aðspurð hvort ákærði hefði óskað eftir því að hún væri í einhverjum ákveðnum fötum, bar brotþoli að ákærði hefði óskað eftir því einu sinni að hún væri í gegnsæjum fötum. Spurð hvort ákærði hefði beðið hana að koma í flegnum fötum svaraði brotþola því játandi, svo að hann gæti betur séð brjóstin á henni og „vinkonu“.

Aðspurð hvort hún hafi séð typpi ákærða kvaðst brotþoli einu sinni hafi séð typpi hans. Hafi það verið þegar ákærði var að „hleypta litla vininum út til þess að anda“. Hafi ákærða verið mál „að losa vininn“ og gleymt að setja „vininn“ alveg inn í buxurnar. Hafi það gerst fyrir utan bifreiðina en hún sjálf hafi þá verið inni í bifreiðinni. Taldi brotþoli að þetta hafi gerst einhvers staðar hjá [...], „þar sem hann losaði þvagið“. Þegar ákærði hafi komið inn aftur hafi hún séð typpið á ákærða. Hún hafi ekki komið neitt við það og ákærði ekki komið neitt við hana með typpinu. Spurð hvort það væri rétt að ákærði hefði ekki sett typpið inn í kynfæri hennar, kvað hún það rétt. Spurð hvort hún hafi séð sæði koma úr typpi ákærða bar brotþoli að hafa séð það einu sinni. Hafi það gerst þegar ákærði hafi verið að fróa sér inni í bifreiðinni og hafi hún þá allt í einu séð eitthvað detta, eins og lítið kusk. Hafi hún dustað það af, enda haldið það vera kusk, en í raun hafi það verið sæði frá honum. Beðin um að lýsa því nánar þegar ákærði hafi verið að fróa sér, bar brotþoli að það hafi verið: „Voða gaman hjá honum þá“. Sjálf hafi hún á meðan verið inni á kaffihúsi „eða eitthvað“ til að fara á salerni. Hafi þetta verið rétt hjá [...] niðri í bæ. Spurð hvernig hún hafi vitað að ákærði hafi verið að fróa sér, kvaðst brotþoli hafa fattað það. Spurð hvort hún hafi ekki séð það svaraði hún því þannig að hún hafi séð það af „öllum hvítu frjóunum“. Ítrekað spurð hvort hún hafi séð þegar ákærði fróaði sér, svaraði brotþoli því neitandi.

Borin var undir brotþola skýrsla hennar hjá lögreglu þar sem fram kom að ákærði hafi verið að fróa sér og síðan „stungið beint inn í hana“. Brotþoli var

spurð hverju ákærði hafi stungið inn í hana og sagði brotþoli þá að ákærði hafi stungið inn „litla vininum“. Beðin um að segja frá því bar brotþoli að ákærði hafi kallað hana einhverjum fáránlegum nöfnum sem hún væri búin að gleyma. Hafi móðir hennar sagt að það hafi verið „gullmolinn sinn“. Hún kvaðst ekki muna þetta en hún hafi setið frammi í bifreiðinni þegar þetta hafi átt sér stað og hafi hún fengið hitakóf og orðið sveitt. Spurð hvort það hefði gerst að ákærði hafi sett typpið inn í kynfæri hennar eða ekki sett typpið inn í hana svaraði brotþoli: „hann reyndi það“ en hafi ekki getað það.

Brotþoli var spurð hvort hún og ákærði hafi rætt eitthvað saman á meðan ákærði hafi ekið henni á milli staða. Svaraði brotþoli því neitandi, hún hafi ekki haft kjark til þess að ræða við hann. Spurð hvort hún myndi eftir tveimur nafngreindum einstaklingum sem hefðu verið í bifreiðinni þann [...] mundi hún það og bar jafnframt að hún myndi eftir því að hafa ekki verið keyrð beint heim heldur verið að rúnta niðri í bæ. Spurð hvort hún myndi eftir því að ákærði hefði komið inn á [...], svaraði brotþoli því neitandi. Þá hafi ákærði ekki sett hana í bílbelti eða losað hana og bílstjórar hjálpi henni ekki inn og út úr bifreiðinni.

Vitnið E, móðir brotþola kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Bar vitnið að F, forstöðukona að [...], hafi hringt í sig og beðið sig að koma þar sem brotþoli hafi þurft að ræða við vitnið. Hafi brotþoli lýst fyrir henni og F að ákærði hefði verið að þukla og káfa á henni. Einnig hafi hún nefnt að ákærði hafi farið með fingur inn í „vinkonu hennar“. Hafi brotþola liðið illa þegar hún sagði frá, farið hjá sér og verið feimin. Hafi brotþoli lýst því að ákærði hefði brotið gegn henni og síðar sagt vitninu að ákærði hefði reynt að setja typpið inn í kynfæri hennar. Hafi vitnið hringt í lögreglu að hana minnti á mánudegi. Tveimur dögum síðar hafi verið tekin skýrsla af brotþola.

Spurð hvort brotþoli hafi síðar lýst nánar fyrir henni atburðum bar vitnið að brotþoli hafi ekki farið mjög náíð út í það en að atvik hafi átt sér stað bæði inni í bifreiðinni og fyrir utan hana. Hafi vitnið spurt brotþola hvernig hún hefði farið úr buxunum inni í bifreiðinni og brotþoli þá lýst fyrir henni hvernig sætinu hefði verið hallað og hún mjakað sér til og frá. Einnig hafi brotþoli lýst því hvernig ákærði hefði „rennt henni út úr bifreiðinni og tekið báðar buxurnar niður“ og hafi brotþoli þurft að fróa ákærða. Þá hafi brotþoli lýst því að ákærði hafi viljað setja „vininn“ inn en það hafi ekki gengið. Vitnið hafi hins vegar passað sig á því vegna minnis brotþola að spyrja ekki beinna eða óbeinna spurninga um atvik eða að fara nánar út í þau, enda væri mikilvægt að það kæmi frá brotþola. Eftir skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu hafi hún kallað saman alla ættingja vistmanna á [...] og upplýst þá um atvik.

Vitnið var spurt hvort það hefði hitt ákærða og bar vitnið að hafa hitt hann í febrúar 2013 við eldhúsið að [...] og hafi ákærði þá sagt í tilefni af því að brotaþoli og systir hennar hafi verið að fara til [...]: „Þið verðið sko að passa þennan gullmola vel.“ Þá bar vitnið að kynfæri brotaþola hafi í eitt sinn verið „eldrauð“ og vitnið talið að brotaþoli væri að fá sveppasýkingu, enda gjörn á að fá sveppasýkingu. Vitnið vissi ekki hvenær þetta hefði verið en það hefði verið á fimmtudegi því að þá kæmi brotaþoli almennt seinna heim en venjulega þar sem hún væri í [...].

Vitnið bar að brotaþoli væri ekki kynferðislega virk og atvikin hafi tekið mikið á hana og væri hún mjög breytt í hegðun eftir þetta og til dagsins í dag. Brotaþoli væri mjög órugg og lífsgleði hennar væri farin.

Vitnið G, starfsmaður á [...] kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Bar hún að þann dag sem hún hafi uppgötvað að ekki hafi allt verið í lagi, hafi ákærði komið með brotaþola inn í forstofu „dansandi“, hress og kátur. Hafi þetta verið um fimmleytið. Þegar ákærði hafi verið farinn hafi brotaþoli sagt: „G, ég á að koma í fleginni blússu á morgun“. Hafi hún spurt hana af hverju og brotaþoli þá sagt: „Þá er þægilegra fyrir X að koma við mig.“ Hafi hún tekið eftir því að föt brotaþola hafi verið ofan í nærbuxum vinstra megin en brotaþoli hafi ekki mátt í vinstri hendi og geti bara girt sig hægra megin. Hafi þetta verið augljóst þar sem brotaþoli hafi verið í pilsu og að það hafi verið hásumar, en þannig væri hún ekki klædd um vetur. Hún hafi ekki áður orðið vör við þetta. Hafi hún farið með brotaþola inn í herbergi og hringt í móður hennar og yfirmann en ekki rætt frekar við brotaþola um málið. Um kvöldið þegar hún hafi verið að háttu brotaþola hafi brotaþoli hins vegar sagt henni frá því að ákærði hafi verið að káfa á henni og hvar hann hafi káfað, og hafi það verið á brjóstum og kynfærum og einnig hafi brotaþoli sagt henni hvar bifreiðin hefði stoppað og hafi það verið við [...] á [...] og hafi ákærði keyrt þar niður á milli húsa. Einnig hafi brotaþoli sagt: „Ég þarf líka að gera við hann“, en hafi ekki útskýrt það frekar. Hafi brotaþoli sagt við vitnið að hún og ákærði færu stundum út úr bifreiðinni og hafi ákærði farið inn á brjóst og kynfæri hennar. Bar vitnið að hún hafi lagt trúnað á frásögn brotaþola, enda þekkt hana í 12-13 ár á þeim tíma sem hún hafi unnið á [...].

Vitnið var spurt hvort það vissi hversu oft ákærði hefði keyrt brotaþola og bar vitnið að það hafi verið mjög oft. Þá hafi henni fundist skrítið að ákærði hefði alltaf komið seint með brotaþola og ákærði borið því við að hann hefði verið að keyra aðra heim á undan en það hefði ekki verið þannig. Hefði ákærði átt að koma með brotaþola um kl. 16:00-16:30. Vitnið var þó ekki visst um nákvæma tímasetningu hvenær brotaþoli hafi átt að koma heim úr [...]. Til væri skráning um hvenær vistmenn eigi að koma en ekki væri skráð hvenær vistmenn komi í raun.

Vitnið H, fyrrverandi starfsmaður á [...], kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Bar hún að brotþoli hafi upplýst hana um samskipti hennar og ákærða. Hafi brotþoli sagt að það hafi verið spennandi akstursferðir með ákærða og hafi brotþoli sagt að sér væri heitt á brjóstunum þar sem ákærði hafi fíkað við brjóst hennar. Taldi vitnið að þetta hafi verið um sumar eða byrjun vors en kvaðst ekki vera viss og var heldur ekki viss hvaða vikudag þetta gæti hafa verið en nefndi föstudag eða miðvikudag. Hafi brotþoli sagt henni frá þessu sama dag og ákærði hefði verið of seinn heim með brotþola og hafi hún verið búin að hringja í ákærða vegna þess, enda væru það starfsreglur að liðu meira en fimmtán mínútur frá því að vistmenn ættu að vera komnir, væri hringt. Hafi hún þá fengið þær upplýsingar frá ákærða að brotþoli væri í bíltúr og hafi það ekki verið óvenjulegt þar sem brotþoli hefði gaman af því að sitja fremst og rúnta um. Hún hefði hins vegar þurft að hringja aftur í ákærða eftir tuttugu mínútur og þegar ákærði hafi komið með brotþola hafi hann sagt: „H mín, þú ætlar ekki að klaga mig.“ Spurð hvort hún vissi klukkan hvað þetta hafi verið var vitnið ekki visst.

Vitnið var spurt hvort það hafi haft mikil samskipti við ákærða og kvað hún þau hafi verið nokkur þegar ákærði hefði komið til að aðstoða með hjólastóla og þessháttar, en þá kæmi hann bara inn í forstofu. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við neitt óeðlilegt nema í þetta eina sinn og hafi brotþoli þá verið rauð á brjóstunum. Lögregluskýrsla var borin undir vitnið þar sem það lýsti því þegar brotþoli hefði verið að tala um „X sinn“ og sagst þurfa að koma í flegnum bol. Mundi vitnið það ekki en taldi að það hefði munað þetta betur við skýrslutöku hjá lögreglu.

Vitnið I, starfsmaður á [...], kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Var hann beðinn um að gera grein fyrir samskiptum ákærða og brotþola. Bar vitnið að það hafi verið algengt að brotþoli hafi komið seinna heim en dagskrá hafi sagt til um, oft skeikað hálf tíma til fjörutíu mínútum. Hafi starfsfólki almennt ekki þótt þetta óeðlilegt. Hins vegar hafi hann þann 13. mars 2013 skráð í skilaboðaskruddu [...] að brotþoli hafi sagt honum með bros á vör að ákærði hafi beðið brotþola að koma í flegnum bol daginn eftir í vinnuna. Honum hafi fundist þetta óeðlilegt þar sem brotþoli hafi ekki átt frumkvæði að þessháttar áður, enda með lélegt skammtímaminni. Hafi hann farið með brotþola inn á herbergi og hafi brotþoli þá sagt að eitthvað hefði gerst, einhverjar snertingar en hafi gert lítið úr því og hann ekki metið það meira en einhvers konar áreiti. Hafi hann kallað til F, yfirmann [...], sem hafi í framhaldi af því rætt við brotþola. Sjálfur hafi hann verið frá vinnu í nokkra daga eftir þetta.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vitni að því að ákærði hafi viðhaft orð um brotþola eða séð ákærða koma inn fyrir anddyri [...]. Hann mundi eftir tveimur til

Þremur tilfellum þegar brotaþoli hafi verið illa girt á hálfis árs tímabili en gat ekki sagt nánar til um hvenær. Spurður hvort hann hafi upplifað breytingar á brotaþola kvað hann svo ekki vera og taldi ekki að hún hafi hlotið af andlegan skaða, en brotaþoli hafi verið undir miklu álagi og þreytt vegna þessa máls og þurft að hitta marga og hafi meðal annars sagt að hún vildi verða lögfræðingur vegna allra samskipta hennar við þá.

Vitnið F, fyrrverandi forstöðukona á [...], kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið bar að brotaþoli hafi í eitt sinn verið pirruð og hafi annar starfsmaður tekið á móti brotaþola en hafi kallað hana til. Hafi brotaþoli reynst vera pirruð yfir því að ákærði hafi alltaf verið að segja henni að vera í flegnum bol og hafi ekki skilið hvers vegna. Hafi hún rætt við brotaþola vegna þessa og hvort ákærði hafi sagt eitthvað meira en muni ekki nákvæmlega hvað hafi þá komið fram. Hafi starfsmenn verið beðnir að fylgjast með, enda hefði ferðum ákærða með brotaþola oft seinkað, en það hefði almennt ekki verið óvenjulegt, en þó hafi seinkunin verið lengri með ákærða þegar brotaþoli hafi verið að koma úr [...]. Hafi brotaþoli þá yfirleitt verið að koma um það bil korter fyrir sex. Vitnið hafi vitað að fleiri voru sóttir í sömu ferð og þeim væri ekið heim fyrst, en vissi ekki hvar þeir hafi búið en talið það vera í leiðinni. Brotaþola hafi hins vegar þótt gaman að keyra með bílstjórum sem hafi nýtt sér ferðirnar og komið við á öðrum stöðum.

Spurð hvort hún hafi sjálf haft einhver afskipti af ákærða kom fram hún hafi átt mörg samskipti við ákærða í anddyri [...] og stundum hefði ákærði komið aðeins lengra inn í spjall. Í eitt skiptið fyrir atvik málsins hafi ákærði spurt vitnið hvernig minni brotaþola væri háttað og hvort brotaþoli myndi mikið eða hvort eitthvað væri að marka sem hún segði. Hafi henni þótt þetta skrítið en minni brotaþola væri þannig að það kæmi yfirleitt aftur og ef hún myndi ekki, væri hún ekki að búa neitt til.

Vitnið staðfesti að hafa undirritað skilaboð dagsett 18. mars 2013. Hafi hún skrifað þetta á mánudegi eftir að framangreind atvik hafi komið upp. Hafi brotaþoli lýst fyrir henni hvernig ákærði hefði káfað á brjóstum hennar og klofi og fleiru eins og fram kæmi í skilaboðunum, en vitnið mundi ekki hvað fleira hafi verið rætt. Þá komi fram í skilaboðunum að brotaþoli hefði rætt við annan starfsmann á fimmtudegi fyrir helgina, eða þann 14. mars, og skýrt þeim starfsmanni frá því sama. Hefði saga brotaþola verið óbreytt að morgni 18. mars og hún þá ákveðið að hringja í móður brotaþola.

Vitnið bar að seinna hefði komið upp að eitthvað meira hefði gerst. Hafi hún ekki viljað fara náið út í það en sumir hefðu verið að spyrja brotaþola of leiðandi spurninga og hún því ekki tekið of mikið mark á öllu sem hafi verið sagt eftir að málið fór af stað. Þannig hafi brotaþoli til dæmis ekki verið viss hvar hefði

verið stoppað. Brotapoli myndi hins vegar ekki ljúga. Spurð hverjir hefðu verið að spyrja of leiðandi spurninga, kom fram að það hafi verið móðir brotþola og annar starfsmaður [...] sem hafi leitt til þess að brotþoli hafi farið að ræða mikið um málið. Eftir það hafi brotþoli farið að ræða um að bifreiðin hafi verið stoppuð og ákærði verið að leika með typpið á sér í bifreiðinni.

Vitnið J kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Bar vitnið að hafa í eitt sinn orðið vitni að samskiptum brotþola og ákærða í anddyri [...]. Hafi ákærði leitt brotþola inn eða stutt á öxl hennar og hafi brotþoli verið í miklu uppnámi. Hafi ákærði beðið þau að sjá um þennan „gullmola“. Hafi virst sem brotþoli kærði sig ekki um snertingu ákærða. Vitnið gat ekki staðfest hvaða dag þetta hefði verið. Upplifði vitnið, sem á börn á sama vistheimili, að brotþoli væri að koma seint heim miðað við það að hún væri búin að vinna kl. 16:00. Vitnið þekkti að öðru leyti ekki dagskrá brotþola.

Vitnið K kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið, sem á sjálft börn á vistheimilinu að [...], bar að hafa í eitt sinn orðið vitni að samskiptum brotþola og ákærða í anddyri [...]. Hafi ákærði leitt brotþola inn og sagt: „Takið þið nú ekki við þessum gullmola“. Hafi ákærði hlegið og fundist þetta eitthvað sniðugt. Hafi „hnussað“ í brotþola sem hafi verið reið og hún strunsað inn í herbergi sitt og væri það ólíkt henni, enda væri brotþoli yfirleitt kát og glöð. Í annað sinn hafi hún verið stödd í eldhúsinu að [...] og þá hafi brotþoli allt í einu sagt: „Ég veit ekki hvað þetta er með þennan X, hann vill bara káfa á mér.“

Vitnið L, yfirmaður hjá Ferðapjónustu fatlaðra í [...], kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Fram kom að vitnið hefði ekki aðra vitneskju um samskipti ákærða og brotþola en að ákærði hefði stundum keyrt hana á vegum Ferðapjónustunnar og yfirleitt í sömu bifreið. Staðfesti vitnið að enginn staðsetningarbúnaður væri í bifreiðunum en ferðatilhögun væri yfirleitt svipuð og lægi fyrir kvöldinu áður. Þó kæmi fyrir að ferðatilhögun væri breytt og vel gæti verið að hringt hafi verið í ákærða þegar hann hafi verið á ferðinni í [...] og hann beðinn um að sækja aðra farþega en hann gæti ekki staðfest það, það væri ekki skráð á dagseðil en hefði líklega verið skráð á vinnuseðil ákærða. Þá kom fram að ákærði hefði samkvæmt skráningu Ferðapjónustunnar verið að keyra tvo aðila í [...] þann 14. mars 2013.

Vitnið C geðlæknir kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Aðspurður um þroska brotþola kom fram að hann leyndi sér ekkert og ekki þyrfti sérfræðimenntun til þess að átta sig á því hver hann væri. Staðfesti vitnið geðrannsókn sem hann framkvæmdi á brotþola dags. 24. mars 2014, sem hafi verið framkvæmd að beiðni lögreglunnar á [...] vegna gruns um kynferðisbrot í öðru máli. Komi niðurstaða

hans heim og saman við niðurstöðu dr. B, taugasálfræðings, um að ólíklegt sé að brotaþoli geti sagt frá þeim atburðum sem hér eigi undir, nema að hafa upplifað atburðina sjálf og byggi frásögn hennar frekar á tilfinningum en minni. Aðspurður upplýsti vitnið að auðvitað væri hættu væri á því að einstaklingur sem væri svona skertur andlega væri leiðitamur í frásögn sinni en brotaþoli hafi sagt frá atburðum með sama hætti í endurtekni skipti.

Vitnið B taugasálfræðingur kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Staðfesti vitnið skýrslu sína um brotaþola, dagsetta 20. mars 2014, sem liggur fyrir í málinu. Hafi brotaþola verið vísað í taugasálfræðilegt mat hjá vitninu af C geðlækni í þeim tilgangi að fá mat á vitsmunahæfni brotaþola. Ekki væri um beint greindarmat að ræða en greind brotaþola lægi í 5. hundraðsröð, sem þýddi að 95% af hennar jafnöldrum væru með meiri greind og 5% með minni greind. Beri brotaþoli greindarskerðinguna með sér strax frá fyrstu kynnum. Fram kom að móðir brotaþola hefði verið viðstödd á meðan viðtöl fóru fram. Aðspurt hvort brotaþoli hafi upplýst vitnið um málsatvik þessa máls kom fram að vitnið hafi ekki verið beðið um að kanna það sérstaklega en það hafi komið fram óbeint þegar brotaþoli hafi sagt frá kynferðislegu atviki og vitnið taldi að brotaþoli hefði verið að segja frá einhverju sem hún hefði upplifað sjálf. Aðspurt hvort gagnálykta mætti á þann hátt að ef frásögn brotaþola væri breytileg þá hefði brotaþoli ekki upplifað atvikið sjálf svaraði vitnið því þannig að erfitt væri fyrir brotaþola að búa til sögu og segja hana alltaf eins, enda myndi hún ekki muna hvað hún hefði sagt áður.

Vitnið D kvensjúkdómalæknir gaf símaskýrslu fyrir dómi. Vitnið staðfesti vottorð sitt, dagsett 31. mars 2016, sem liggur fyrir í málinu. Vitnið var beðið um að skýra hvað fælist í orðum vottorðsins um: „Meyjarhaft með þröngu opi, kem aðeins einum fingri inn fyrir. Meyjarhaft órofið.“ Fram kom hjá vitninu að alltaf sé eitthvert gat á meyjarhafti þannig að tíðablöð komist út, en þetta hafi verið lítið gat. Spurt hvort sú staðreynd að meyjarhaft hafi verið órofið gæti sagt til um það hvort getnaðarlimur hafi verið settur inn í fæðingarvef konu, taldi vitnið að það væri mjög ólíklegt að það hafi gerst þegar gatið væri þetta lítið. Þá þyrfti getnaðarlimur aðeins að fara rétt inn fyrir fæðingarveginn til þess að rjúfa meyjarhaftið, enda liggi meyjarhaftið alveg fremst í fæðingarveginum, við innganginn að leggöngum. Spurt hvort órofið meyjarhaft myndi útiloka að getnaðarlimur hafi farið í fæðingarveginn bar vitnið: „Já ég myndi segja það,“ en ekki væri hægt að útiloka að fingur hafi verið settur inn í fæðingarveginn án þess að meyjarhaftið hefði rofnað. Aðspurt bar vitnið að enginn „strengur“ hafi verið í meyjarhafti brotaþola.

## *Niðurstöður*

Samkvæmt gögnum málsins var tekin skýrsla af ákærða tveimur dögum eftir að brotþoli tilkynnir um málið hjá lögreglu, auk þess sem fram fór leit að meintum brotavettvangi og athugað hvort öryggismyndavélar væru á þeim stöðum. Þá voru teknar upplýsingaskýrslur af fjórum aðilum í mars 2013. Málið var síðan fellt niður þann 5. mars 2014. Ekki fór fram nein líkamsrannsókn á brotþola fyrr en síðar og þá í tengslum við grun um kynferðisbrot gangvart brotþola í öðrum og óskyldum málum. Ekki fór fram nein rannsókn á fötum brotþola eða var rannsakað nánar um ferðir ákærða með brotþola. Ríkissaksóknari felldi ákvörðun lögreglustjóra um niðurfellingu málsins úr gildi og lagði fyrir lögreglu með bréfi þann 4. maí 2014 að rannsaka hvort brotþoli þyrfti aðstoð við að spenna sig sjálf í öryggisbelti. Ákærði bar að hafa fest brotþola í öryggisbelti líkt og aðra farþega hans en brotþoli bar að bílstjórar hjálpuðu henni ekki í öryggisbeltið. Ekkert kom frekar fram um þetta atriði í málinu og virðist það ekki hafa verið rannsakað frekar.

Ríkissaksóknari óskaði einnig eftir því að rannsakað yrði nánar með ferðir ákærða og brotþola á fimmtudögum, sérstaklega í þeim tilgangi að staðreyna frásögn ákærða um hvaða leið hann hafi ekið, hverja hann átti að sækja og hvert átti að aka. Verður ekki séð að þetta hafi verið rannsakað nánar. Um ferðir ákærða og brotþola verður að styðjast við frásögn ákærða um að hann hafi í öllum tilfellum sótt brotþola upp í [...] kl. 17:15, ekið með tvo aðra farþega upp í [...] og þaðan keyrt með brotþola að heimili hennar á [...] í [...]. Ákærði bar að síðasta ferð hans með brotþola hafi verið fimmtudaginn 14. mars 2013, og hafi hann þá auk þess keyrt tvo farþega í [...], síðan sótt tvo aðra farþega í hjólastól að [...] og keyrt þá í [...]. Hafi hann þurft að aðstoða þá farþega og því verið seinni fyrir en ella að keyra brotþola að [...] þann dag.

Samkvæmt framangreindu var ekki aflað allra tiltækra gagna í málinu og er það aðfinnsluvert og ekki í samræmi við ákvæði 3. mgr. 18. gr., 53. og 54. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Nokkur af þeim vitnum sem komu fyrir dóminn báru að það hafi vakið athygli þeirra að ákærði hafi oft komið of seint með brotþola heim að [...]. Aðspurð fyrir dómi vissu vitnin þó ekki hvert ákærði hefði átt að sækja brotþola eða á hvaða tíma en einhverjir nefndu kl. 16:00. Vitni báru jafnframt að þetta hefði í raun ekki verið neitt óvenjulegt þar sem brotþoli hefði haft gaman af því að rúnta með bílstjórum. Brotþoli bar að ákærði hefði bara sótt hana upp í [...] en ekkert annað og mundi vitnið eftir því að tveir nafngreindir einstaklingar hafi verið í bifreiðinni þann 14. mars 2013. Vitnið F bar að ákærði hefði sótt brotþola í [...] og hafi yfirleitt verið að koma þaðan u.þ.b. korter fyrir sex og hafi hún vitað að fleiri voru sóttir í sömu ferð þótt hún hafi ekki vitað hvert þeim hafi verið ekið. Fær

framburður ákærða stoð í framburði vitna um ferðir hans og brotþola.

Ákærði bar fyrir dómi að hafa aldrei notað orðið „gullmoli“ um brotþola eða að hafa beðið brotþola að koma í flegnum bol. Brotþoli bar að móðir hennar hefði sagt henni að ákærði hefði notað orðið „gullmoli“. Móðir brotþola bar að ákærði hefði sagt þetta um brotþola og vitnin J og K báru að hafa heyrt ákærða segja það orð þegar hann kom með brotþola að [...], þótt þau hafi ekki getað staðfest hvenær það var. Brotþoli bar að ákærði hefði beðið hana að koma í flegnum fötum. Vitnið G bar að brotþoli hafi sagt þann dag sem málið hafi komið upp, að hún ætti að koma í fleginni blússu til þess að þægilegra væri fyrir ákærða að koma við hana. Vitnið H bar hjá lögreglu og staðfesti að hafa munað það betur þá en nú, að brotþoli hafi verið að tala um að hún þyrfti að koma í flegnum bol og nefnt nafn ákærða í því sambandi. Vitnið I bar fyrir dómi að hafa skráð í skilaboðaskjóðu [...] þann 13. mars 2013, að brotþoli hefði nefnt að hún yrði að koma í flegnum bol daginn eftir að beiðni ákærða. Er neitun ákærða um þessi atriði gegn framburði fjölda vitna, ekki trúverðug. Þá er heldur ekki trúverðug frásögn ákærða fyrir dómi um að hann hafi eingöngu komið inn í anddyrið að [...] og aldrei rætt við starfsmenn, enda kom annað fram í vitnisburði H og F auk þess sem ákærði og G starfsmaður [...], virðast hafa haft einhver samskipti þar.

Í skýrslu brotþola hjá lögreglu þann 20. mars 2013 kom fram að ákærði hefði afklætt þau bæði, káfað á brjóstum og kynfærum brotþola og sett fingur í kynfæri hennar. Hafi þetta gerst fyrir utan bifreið Ferðapjónustu fatlaðra í [...], einhvers staðar hjá [...]. Hafi ákærði brotið fjórum sinnum gegn brotþola, í öll skiptin á fimmtudögum. Jafnframt hefði ákærði fróað sér fyrir utan bifreiðina og sett typpi sitt í kynfæri brotþola og fengið sáðlát, á brotþola sjálfa að hún hélt.

Í skýrslu brotþola fyrir dómi kom fram að ákærði hefði brotið gegn henni í mesta lagi tvisvar, einu sinni inni í bifreið Ferðapjónustu fatlaðra og einu sinni fyrir utan bifreiðina. Um atvikið fyrir utan bifreiðina bar brotþoli eins og áður að það hafi verið nálægt [...]. Brotþoli bar nú að ákærði hefði ekki afklætt sig sjálfur og þá kom ekkert fram um að ákærði hefði fróað sér fyrir utan bifreiðina. Brotþoli hafi hins vegar séð typpi ákærða þegar hann var fyrir utan bifreiðina að kasta af sér þvagi en hún sjálf hafi þá verið inni í bifreiðinni en ákærði gleymt að setja „vininn“ í buxur og hún séð hann þegar ákærði kom inn í bifreiðina. Hún hafi ekki komið við typpið og ákærði ekki komið neitt við hana með typpinu. Síðar í skýrstöku af brotþola fyrir dómi kom fram að brotþoli hafi séð sæði koma úr typpi ákærða, án þess að fram hafi komið að það hafi lent á brotþola og hún hafi vitað að ákærði hafi verið að fróa sér. Ítrekað spurð hvort brotþoli hafi séð ákærða fróa sér svaraði brotþoli því neitandi.

Brotapoli bar fyrir dómi að ákærði hefði stungið inn í hana „litla vininum“. Áður spurð fyrir dómi hvort ákærði hefði stungið einhverju öðru inn í kynfæri hennar en fingri hafði brotapoli svarað því neitandi. Jafnframt var hún spurð hvort það væri ekki rétt að ákærði hefði ekki sett typpið í kynfæri hennar og svaraði hún þá að það væri rétt. Enn spurð um hvað væri rétt og hvort ákærði hefði sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, kom fram að ákærði hefði reynt en hafi ekki getað það. Hefur brotapoli þannig verið margsaga og er því ekki trúverðug um þann þátt málsins er snýr að samræði þótt hún hafi verið staðföst í frásögn sinni um að ákærði hafi stungið puttanum inn í kynfæri hennar og hefur hún jafnframt verið staðföst um að ákærði hafi þuklað brjóst hennar og kynfæri innan klæða.

Í skýrslu D kvensjúkdómalæknis fyrir dómi kom fram að ólíklegt væri að getnaðarlimur hafi verið settur í fæðingarvef brotapola þar sem gat á meyjjarhafti hennar, sem var órofið, hafi verið það lítið að í raun hafi það verið útilokað en ekki væri þó hægt að útiloka að fingur hafi verið settur inn í fæðingarveginn án þess að meyjjarhaftið hefði rofnað.

Samkvæmt 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari hvort nægileg sönnun sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Með vísan til framangreinds þykir vera uppi sá vafi í málinu að ekki sé hafið yfir skynsamlega vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi að hafa haft samræði eða önnur kynferðismök við brotapola, þar á meðal að setja fingur í leggöng hennar. Verður ákærði því sýknaður af broti gegn ákvæðum 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur borið að hafa ekki sýnt brotapola nokkurn áhuga svo sem með því að kalla hana „gullmola“ eða að hafa beðið brotapola að koma í flegnum fötum. Að mati dómsins er frásögn hans um þessi atriði ótrúverðug eins og fram hefur komið og jafnframt framburður hans um að hann hafi engin samskipti haft við starfsmenn [...], en meðal annars kom fram að ákærði hafi spurt vitnið F hvernig minni brotapola væri háttað og hvort brotapoli myndi mikið eða hvort eitthvað væri að marka sem hún segði. Því er framburður hans um að hann hafi ekki vitað neitt um þroska brotapola og bara séð að eitthvað var að annarri hendi brotapola mjög ótrúverðugur, enda fór þroski brotapola að mati dómsins ekki milli mála, en ákærði hafði í nokkur skipti setið einn með brotapola í bifreið Ferðapjónustu fatlaðra, frá [...] og í [...], og hefði því átt að vera þroski hennar ljós. Þá kom einnig fram hjá C geðlækni og B, taugasálfræðingi að ekki þyrfti sérfræðimenntun til þess að átta sig á þroska brotapola.

Brotapoli var staðföst og trúverðug um þennan þátt málsins um að ákærði hafi káfað á brjóstum hennar og kynfærum og hafi meðal annars kallað brjóst hennar „kókosnetur“. Í skýrslum C geðlæknis og B taugasálfræðings fyrir dómi kom fram að ólíklegt væri að brotapoli gæti sagt frá þeim atburðum sem hér ættu undir, nema að hafa upplifað atburðina sjálf og byggi frásögn hennar frekar á tilfinningum en minni og myndi brotapoli eiga í erfiðleikum með að búa til þá sögu og segja hana alltaf eins.

Í skilaboðum milli starfsmanna [...] frá 18. mars 2013 skrifar vitnið F að hún hafi talað við brotapola þann morgun um það mál sem hefði byrjað 13. mars 2013. Hefði brotapoli lýst fyrir henni að ákærði hefði káfað á brjóstum hennar og klofi en vitnið mundi ekki hvað fleira hafi verið rætt, en seinna hefði komið upp að eitthvað meira hefði gerst. Móðir brotapola bar fyrir dómi að brotapoli hafi lýst fyrir henni hvernig ákærði hefði þuklað og káfað á brotapola. Vitnið G bar fyrir dómi að brotapoli hafi sagt henni að ákærði hafi verið að káfa á henni og hvar. Vitnið I vitnaði um að þann 13. mars 2013 hafi hann farið með brotapola inn í herbergi og hafi brotapoli þá sagt honum frá því að eitthvað hafi gerst, einhverjar snertingar en hann hafi gert lítið úr því og ekki metið það meira en einhvers konar áreiti. Vitnið K bar að hafa verið stödd í eldhúsinu að [...] þegar brotapoli hafi sagt: „Ég veit ekki hvað er með þennan X, hann vill bara káfa á mér.“

Ákærði bar sjálfur að fimmtudaginn 14. mars 2013 hafi hann þurft að sækja tvo farþega í hjólastólum sem hann hafi þurft að aðstoða og hafi því verið seinn heim með brotapola. Vitnið H bar að hafa hringt í ákærða í tvígang þar sem hann hafi verið mjög seinn. Hafi brotapoli sagt vitninu frá, eftir að hafa komið of seint heim, að henni væri heitt á brjóstunum þar sem ákærði hefði verið að fikta við brjóst hennar og hafi brotapoli verið rauð á brjóstunum.

Að mati dómsins telst sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa með staðföstum framburði brotapola um þennan þátt málsins og framangreindum vitnisburði fjölda vitna, gegn ótrúverðugum framburði ákærða hvað þennan þátt varðar, og að teknu tilliti til ákvæða 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi káfað innanklæða á brjóstum og kynfærum brotapola í eitt skipti þann 14. mars 2013, þótt ekki liggi fyrir hvort það hafi verið utandyra eða inni í bifreið á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi og er háttsemin réttilega heimfærð undir 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### IV

##### *Refsing*

Ákærði er fæddur í [...] árið 1969. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði aldrei orðið uppvís að refsiverðri háttsemi fyrr sem ber að virða honum til

málsbóta. Á hinn bóginn er horft til 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsipýngingar. Ákærði skipulagði verknaðinn á þann hátt að krefjast þess að brotþoli klæddist með ákveðnum hætti. Brot ákærða beinist gegn andlega fötluðum einstaklingi, sem vegna þroska síns hefur átt erfitt með að skilja hvað í verknaðinum fólst. Þá mátti brotþoli treysta því að hann væri í öruggum höndum meðan hann ferðaðist með ákærða, og hefur ákærði því brotið gegn þeim trúnaði og trausti sem brotþoli mátti vænta af honum.

Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði og þykir, með vísan til sakaferils ákærða, þess hvernig staðið var að rannsókn málsins og með tilliti til þess hversu mikið mál þetta hefur dregist án þess að ákærða verði þar um kennt, mega ákveða að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

## V

### *Einkaréttarkrafa*

Af hálfu brotþola hefur verið gerð sú krafa að ákærði greiði henni 2.000.000 króna í miskabætur. Ákærða var birt framkomin krafa þann 30. júlí 2013.

Með broti því sem ákærði er sakfelldur fyrir hefur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun miskabóta verður horft til þess að ákærði hefur með broti sínu brotið gegn trúnaði og trausti sem brotþoli mátti vænta í ferðum sínum með ákærða, sem hefur að mati dómsins aukið á andlegar afleiðingar brotsins. Ekki liggja fyrir nein gögn í málinu um andlegar afleiðingar brotþola af brotum ákærða og af vitnisburði vitna fyrir dómi verður ekki frekar um það ráðið.

Miski brotþola þykir hæfilega metinn 600.000 krónur og ber að dæma ákærða til þess að greiða brotþola þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

## VI

### *Sakarkostnaður*

Samkvæmt 216. gr., sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 217. og 218. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða í ljósi niðurstöðu dómsins gert að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta sakarkostnaðar málsins, sem er samkvæmt yfirliti ákærvaldsins 116.087 krónur auk 40.000 króna reiknings frá Læknastofu D, en  $\frac{3}{4}$  hlutar greiðast úr ríkissjóði. Þá verður ákærða gert að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans fyrir dóminum, Þorsteins Einarssonar hrl., 1.636.800 krónur, og  $\frac{1}{4}$  hluta þóknunar til réttargæslumanns brotþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur hdl.,

613.800 krónur, en  $\frac{3}{4}$  hlutar framangreindra málsvarnarlauna og þóknunar greiðast úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarnir Bogi Hjálmtýsson, Ástríður Grímsdóttir og Kristinn Halldórsson.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, skal sæta fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A, miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga, frá 14. mars 2013 til 30. ágúst 2013, en frá þeim degi með dráttarvöxtum til greiðsludags, samkvæmt 9. gr. sömu laga.

Ákærði greiði  $\frac{1}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Þorsteins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 1.636.800 krónur, en  $\frac{3}{4}$  hlutar af þeirri fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði  $\frac{1}{4}$  hluta sakarkostnaðar, sem er þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur héraðsdómslögmanns, 613.800 krónur, en  $\frac{3}{4}$  hlutar af þeirri fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði  $\frac{1}{4}$  hluta annars sakarkostnaðar, 156.087 krónur, en  $\frac{3}{4}$  hlutar af þeirri fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Bogi Hjálmtýsson  
Ástríður Grímsdóttir  
Kristinn Halldórsson